

Mannréttindadómstóll  
Evrópu

# DÓMSTÓLLINN Í 50 SPURNINGUM



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS  
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE

# Dómstóllinn í 50 spurningum

## Mannréttindasáttmáli Evrópu

### 1 Hvenær var sáttmálinn samþykktur?

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, öðru nafni „Mannréttindasáttmáli Evrópu“, var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950 og tók gildi 3. september 1953. Sáttmálinn verndar sum þeirra réttinda sem kveðið er á um í Alþjóðlegu Mannréttindafyrirlýsingunni og hann kom á fót alþjóðlegum dómstól sem hefur lögsögu til að dæma þau ríki brotleg sem ekki uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum.

### 2 Hvað er viðauki við sáttmálann?

Viðauki við sáttmálann er texti sem bætir einum eða fleiri réttindum við upprunalega sáttmálann eða breytir ákvæðum hans.

Viðauki sem bætir réttindum við sáttmálann er eingöngu bindandi fyrir þau ríki sem hafa staðfest hann. Ríki sem undirrita viðauka án þess að staðfesta hann er ekki bundið af ákvæðum hans.

Nú hafa 14 viðaukar bæst við sáttmálann.

### 3 Hvaða réttindi verndar sáttmálinn?

Ríkin sem hafa staðfest sáttmálann, öðru nafni aðildarríki sáttmálans,

skuldbinda sig til að tryggja öllum innan lögsögu sinnar, ekki aðeins eigin ríkisborgurum, þau borgaralegu og stjórnmalalegu grundvallaréttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum.

Sáttmálinn tryggir m.a. eftirtalin réttindi: rétt til lífs, rétt til réttlátrar málsmeðferðar, rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, tjáningarfrelsi, hugsana-, samvisku- og trúfrelsi, eignarétt. Með sáttmálanum er lagt bann við pyntingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, nauðungarvinnu, ólögumætri frelsissviptingu og mismunun í að njóta þeirra réttinda og frelsis sem sáttmálinn tryggir.

### 4 Hefur sáttmálinn þróast?

Já. Sáttmálinn hefur þróast, einkum við túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á ýmsum ákvæðum hans. Með dómafrákvæmd er sáttmálinn í raun lifandi tæki, sem hefur tryggt aukin réttindi og beitt þeim við aðstæður sem ekki voru fyrirjáanlegar þegar hann var samþykktur í upphafi.

Sáttmálinn hefur einnig þróast þegar viðaukar hafa bætt við auknum réttindum, t.d. í júlí 2003 með viðauka nr. 13 um afnám dauðarefsingar í öllum tilvikum og í apríl 2005 með viðauka nr. 12 um bann við mismunun.

### 5 Ber innlendum dómstólum að virða sáttmálann?

Sáttmálinn gildir á landsvísi. Hann hefur verið felldur inn í löggjöf aðildarríkjanna, sem hafa skuldbundið sig til að standa vörð um þau réttindi

Skjal þetta var unnið af almannatengsladeild dómstólsins og það er ekki bindandi fyrir dómstólinn á neinn hátt. Því er ætlað að veita almennar upplýsingar um starfsemi dómstólsins.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu dómstólsins [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

sem þar eru skilgreind. Innlendir dómstólar verða því að virða sáttmálann. Að öðrum kosti getur Mannréttindadómstóll Evrópu dæmt gegn viðkomandi ríki ef einstaklingur leggur fram kæru vegna þess að réttur hans er ekki tryggður.

## Mannréttindadómstóll Evrópu

### 6 Hvernig er dómstólling samsettur?

Dómarar eru jafnmargir og aðildarríki að sáttmálanum (nú 47).

### 7 Hvernig eru dómarar valdir?

Þing Evrópuráðsins kýs dómarar af listum með þremur umsækjendum sem aðildarríkin leggja til. Hvert kjörtímabil er níu ár og ekki er hægt að framlengja það.

### 8 Hvernig er sjálfstæði dómarar tryggt?

Þótt dómarar séu kjörnir í tengslum við aðildarríki dæma þeir sem einstaklingar og eru ekki fulltrúar þess ríkis. Dómarar eru algerlega sjálfstæðir og mega ekki taka þátt í neinni starfsemi sem samrýmist ekki skyldu þeirra til að vera sjálfstæðir og óvilhallir.

### 9 Dæma dómarar í málum gegn sínu eigin landi?

Þegar dómurinn er skipaður einum dómarar getur hann ekki verið frá því landi sem kærnan beinist að. Slíkur dómari getur þó í undantekningartilvikum átt sæti í nefnd. Hins vegar situr dómari frá viðkomandi landi alltaf í dómnum þegar um er að ræða sjö dómarar deild eða sautján dómarar yfirdeild.

### 10 Hvað er skrifstofa dómstólsins og hvernig er hún starfrækt?

Skrifstofa dómstólsins aðstoðar dóminn við lögfræðileg störf og stjórnsýslu. Þar starfa lögfræðingar, skrifstofu- og tæknilið og þýðendur.

### 11 Hver eru fjárlög dómstólsins?

Evrópuráðið greiðir útgjöld dómstólsins en það er fjármagnað með framlögum aðildarríkja þess í samræmi við kvarða sem byggja á íbúafjölda og landsframléiðslu.

Fjárhagsáætlun dómstólsins nær til launa dómarar og starfsfólks og einnig til annars kostnaðar (tæknibúnaðar, opinberra ferðalaga, þýðinga, túlkunar, útgáfu, réttaraðstoðar, vettvangsferða, o.s.frv.).

### 12 Er samsetning dómstólsins breytileg eftir málum?

Já, dæmt er í málum á fjóra mismunandi vegu.

dæmt í deild, situr enginn í dómnum úr deildinni sem fyrst dæmdi í málinu.

### 15 Í hvaða tilfellum tekur yfirdeildin mál fyrir?

Upphaf máls hjá yfirdeildinni getur verið með tvennum hætti: annað hvort er máli vísað þangað eða fallið er frá lögsögu yfir máli.

Þegar deild hefur dæmt í máli er aðilum heimilt að óska eftir því að málinu sé vísað til yfirdeildarinnar og eru slíkar beiðnir samþykktar í undantekningartilvikum. Nefnd dómarar yfirdeildar ákveður hvort máli skuli vísað til yfirdeildar til endurupptöku.

Mál eru einnig send til yfirdeildar þegar deildin hefur fallið frá lögsögu yfir máli, þótt slíkt sé fátítt. Deildin getur afsalað sér lögsögu yfir máli, sem henni hefur verið úthlutað, til yfirdeildar ef málið varðar grundvallarspurningar sem gætu haft áhrif á túlkun sáttmálans eða ef hætta er á ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins.

### 16 Getur dómari neitað að taka þátt í réttinum?

Já, dómarar eru í raun skylt að forðast að taka þátt í málsmeðferð ef hann hefur áður komið að málinu á einhverju stigi þess. Þá er fenginn annar dómari í staðinn. Ef dómari sem ekki tekur þátt í meðferð málsins er frá því landi sem málið er gegn, er sérstakur dómari settur í hans stað.

Einn dómari skoðar kærur sem þykja augljóslega illa ígrundaðar. Þriggja dómarar nefnd getur tekið samhljóða ákvörðun um að kæra sé tæk og fellt um leið dóm á hana ef þegar hefur verið fjallað um efni hennar í staðfestri dómaframskýðing dómstólsins. Kæru má einnig vísa til deildar með sjö dómurum þar sem einfaldur meirihluti ræður atkvæðum um hvort kæra sé tæk til efnismeðferðar og kveður upp dóm í málinu.

Í undantekningartilvikum fara mál fyrir yfirdeild sautján dómarar, annað hvort þegar deild hefur fallið frá lögsögu sinni, eða þegar ákveðið hefur verið að samþykkja málskot.

### 13 Hver er munurinn á deild og starfseiningu?

Starfseining er stjórnunareining en deild er dómur innan tiltekinna starfseiningar.

Í dómstólum eru fimm starfseiningar sem mynda deildir. Í hverri starfseiningu er forseti, varaforseti og margir aðrir dómarar.

### 14 Hvernig eru deild og yfirdeild skipaðar?

Deildin er skipuð forseta þeirrar starfseiningar sem máli var úthlutað til, dómarar frá því ríki sem málið beinist gegn og fimm öðrum dómurum sem tilnefndir eru af forseta starfseiningarinnar.

Í yfirdeild eru forseti dómstólsins og varaforseti, forsetar allra starfseininganna og aðrir dómarar, sem valdir eru með hlutkesti. Þegar yfirdeildin er með mál sem var áður

## 17 Hvað er settur dómari?

Dómari er settur af stjórnvöldum viðkomandi ríkis þegar landsbundinn dómari getur ekki setið vegna vanhæfis eða undanþágu.

## 18 Hver er lögsaga dómstólsins?

Dómstóllinn hefur ekki heimild til að taka upp mál af sjálfdáðum. Hann hefur lögsögu til að taka við kærnum vegna brota á Mannréttindasáttmála Evrópu frá einstaklingum og frá ríkjum.

## Málsmeðferð fyrir dómnum

## 19 Hver getur kært mál til dómstólsins?

Sáttmálinn gerir ráð fyrir tvenns konar kæruleiðum. Í fyrsta lagi getur einstaklingur, hópur manna, fyrirtæki eða frjáls félagasamtök kært ríki fyrir meint brot á sáttmálanum. Í öðru lagi getur ríki kært annað ríki fyrir brot á sáttmálanum.

Frá því dómstóllinn var stofnaður hafa nánast allar kærur verið lagðar fram af einstaklingum sem hafa lagt fram kærur beint til dómstólsins vegna eins eða fleiri brota á sáttmálanum.

## 20 Gegn hverjum er kærnum beint?

Mál er eingöngu hægt að höfða gegn þeim ríkjum sem hafa fullgilt sáttmálan. Öllum kærnum gegn, til

dæmis, þriðja ríki eða einstaklingi er vísað frá.

## 21 Hvernig eru mál kærð til dómstólsins?

Einstaklingar geta kært beint til dómstólsins, aðstoð lögmanns er ekki nauðsynleg í upphafi máls. Það er nóg að senda dómstólnum vandlega útfyllt kæruskjal ásamt viðeigandi skjölum. Kæran ein og sér er hins vegar engin trygging fyrir því að dómstóllinn muni taka málið til efnismeðferðar.

Sáttmálinn tryggir auðveldan aðgang að dómstólnum, þannig að landfræðileg eða fjárhagsleg staða skipti ekki máli. Þess vegna kostar ekkert að senda kærur til dómstólsins.

## 22 Hver er munurinn á milli kærnu einstaklinga og kærnu ríkja?

Flestar kærur fyrir dómstólnum eru bornar fram af einstaklingum. Samkvæmt sáttmálanum getur ríki einnig lagt fram kærur gegn öðru ríki. Er þá talað um milliríkjakærur.

## 23 Er nauðsynlegt að lögfræðingur leggi fram kærur til dómstólsins?

Ekki er þörf á lögfræðingi í upphafi máls, allir geta kært beint til dómstólsins. Á síðari stigum, þegar dómstóllinn hefur tilkynnt ríkinu sem kærnan beinist gegn að hann muni taka málið fyrir og beðið um athugasemdir frá því, er hins vegar nauðsynlegt að leita sér aðstoðar lögfræðings. Hægt er að veita kærendum réttaraðstoð, ef

nauðsyn krefur, frá og með þessu stigi málsmeðferðarinnar.

## 24 Hverjum er heimilt að flytja mál fyrir dómstólnum?

Ekki er til skrá yfir þá lögfræðinga sem eru bærir til þess að flytja mál fyrir dómstólnum, munnlega eða skriflega. Kærandi getur tilnefnt lögfræðing að eigin vali, sem er hæfur til málflutnings í einu aðildarríkjanna sáttmálans, eða sem hefur fengið til þess heimild forseta viðkomandi deildar.

## 25 Hver eru hin mismunandi stig máls fyrir dómstólnum?

Mál sem lögð eru fyrir dómstóllinn fara í gegnum tvo megináfanga: fyrst er kannað hvort mál sé tækt til efnismeðferðar og síðan er farið yfir efnishlið málsins (þ.e. kæran er skoðuð). Kærur geta farið í gegnum mismunandi ferli.

Einn dómari getur vísað kærur frá dómstólnum þegar ljóst er frá upphafi að málið er ótækt til efnismeðferðar. Þessari ákvörðun verður ekki áfrýjað.

Nefnd kveður upp endanlegan úrskurð eða dæmir í máli sem fellur undir staðfesta dómaframkvæmd dómstólsins.

Deild tekur ákvörðun um að tilkynna ríkinu sem kært er um kærana og óskað eftir athugasemdum. Aðilar málsins skiptast á skriflegum athugasemdum. Dómstóllinn ákveður þá hvort rétt sé að láta fara fram munnlegan málflutning í málinu, en slíkt er fátítt vegna fjölda mála hverju sinni. Deildin kveður síðan upp dóm sem verður ekki endanlegur fyrr en

að liðnum þeim þrem mánuðum sem málsaðilar hafa til að vísa málinu til yfirdeildar til nýrrar fyrirtöku. Ef yfirdeildin fellst á málsskot er málið tekið upp að nýju og munnlegur málflutningur fer fram að nýju ef þörf krefur. Dómur yfirdeildarinnar er endanlegur.

## 26 Hver eru skilyrðin fyrir því að mál teljist tækt?

Kæra þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að teljast tæk fyrir dómstólnum, annars er henni strax vísað frá án efnismeðferðar. Aðeins er hægt að kæra til dómstólsins eftir að öll innlend réttarræði hafa verið fullreynd. Með öðrum orðum, einstaklingar sem kæra brot á réttindum sínum þurfa fyrst að hafa látið reyna á mál sitt fyrir dómstólum viðkomandi lands, upp að æðsta stigi landsbundinnar löggjafar. Með þessum hætti er viðkomandi ríki fyrst gefinn kostur á að ráða bót á meintu broti á landsvísu. Kæran skal varða eitt eða fleiri þeirra réttinda sem tryggð eru í sáttmálanum. Dómstóllinn getur ekki rannsakað kærur um brot á öðrum réttindum.

Einnig þarf kæran að berast dómstólnum innan sex mánaða frá síðasta dómi eða ákvörðun í málinu, sem er jafnan dómur æðsta dómssvalds í viðkomandi landi. Kærandi skal leggja fram kærana í eigin persónu og milliliðalaust vegna brots á sáttmálanum og verður hann að hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna þess. Enn er áréttáð að eingöngu er hægt að leggja fram kærur gegn einu eða fleiri aðildarríkjum að sáttmálanum, en hvorki gegn þeim ríkjum sem ekki hafa undirritað sáttmálan né gegn einstaklingum.

## 27 Er frjálsum félagasamtökum eða ríkjum heimilt að koma að málsmeðferðinni?

Já, bæði frjáls félagasamtök og ríki geta kært til dómstólsins. Þau geta einnig fengið leyfi forseta dómstólsins til að tengjast máli sem þriðji aðili.

## 28 Hvað er þriðji aðili að máli?

Forseti dómstólsins getur heimilað öðrum aðila en kæranda, eða öðru ríki en því sem kæran beinist gegn, eftir að kæran var lögð fram, að gerast aðili að málinu. Ríkið þarf þó að hafa undirritað sáttmálann. Þetta er kallað málsaðild þriðja aðila. Sá einstaklingur eða ríki sem um ræðir á rétt á að leggja fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflytningu.

## 29 Getur dómstóllinn tilnefnt sérfræðinga eða kallað til vitni?

Já. Í undantekningartilvikum stendur dómstóllinn fyrir vettvangsferðum til tiltekinna landa í því skyni að upplýsa nánar málavexti í tilteknu máli. Sendinefnd frá dómstólnum getur þá yfirheyrt vitni og rannsakað vettvang.

Dómstóllinn skipar stundum sérfræðinga, til dæmis þegar hann óskar eftir því að sérfróðir læknar skoði kærændur sem eru í fangelsi.

## 30 Heldur dómstóllinn opinber réttarhöld?

Öll málsmeðferð fyrir dómstólnum fer fram skriflega nema í einstaka tilvikum,

þegar dómstóllinn ákveður að mál skuli munnlega flutt.

Málflytningur fer fram í Mannréttindabyggingunni í Strassborg og er öllum opin nema forseti deildar eða yfirdeildar, eftir því sem við á, ákveði annað. Fjölmíðlum og almenningi er því yfirleitt heimilt að sækja slíkan málflytning og þarf aðeins að framvísa blaðamannaskírteini eða nafnskírteini í móttökunni.

Allur málflytningur er tekinn upp og sjónvarpað á heimasíðu dómstólsins samdægurs, klukkan 14:30 að staðartíma.

## 31 Hvað eru fyrstu andsvörin?

Fyrstu andsvörin eru þau rök sem ríkið, sem kært er, notar til að stuðningskröfu sinni um að málið sé ekki tækt til efnismeðferðar.

## 32 Hvað er sáttagerð?

Sáttagerð er þegar aðilar semja um það sín á milli að binda enda á þá málsmeðferð sem hafin er. Þegar aðilar eru sammála um að leysa ágreining sinn á þennan hátt er niðurstaðan yfirleitt sú að ríkið greiðir kæranda tiltekna fjárhæð. Þegar dómstóllinn hefur farið yfir sáttagerðina fellir hann málið niður, nema hann telji að vegna virðingar fyrir mannréttindum sé rétt að málinu sé haldið áfram.

Dómstóllinn hvetur aðila jafnan til að freista þess að ná sáttum. Ef þær nást ekki heldur dómstóllinn málsmeðferð áfram.

## 33 Getur dómstóllinn gefið út bráðabirgðaúrskurð?

Þegar kæra berst dómstólnum getur hann ákveðið að viðkomandi ríki geri tiltekna ráðstafanir til bráðabirgða á meðan meðferð málsins fer fram. Yfirleitt snýst þetta um að dómstóllinn biður viðkomandi ríki að gera ekki eitthvað tiltekið, s.s. að senda ekki einstakling til landa ef því er haldið fram að þar muni þeir sæta dauðarefsingu eða pyndingum.

## 34 eru samráðsfundir dómstólsins opinir almenningi?

Nei. Samráðsfundir dómstólsins eru alltaf lokaðir.

## 35 eru þess dæmi, að ríki hafi neitað að eiga samstarf við dómstóllinn?

Stundum kemur fyrir að ríki hafi látið hjá líða eða jafnvel neitað að veita dómstólnum upplýsingar og gögn sem eru nauðsynlegar vegna meðferðar máls.

Þegar svo háttar til getur dómstóllinn beitt 38. gr. sáttmálans sem skuldbindur aðildarríkin til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn til dómstólsins.

## 36 Hversu langan tíma tekur málarekstur fyrir dómstólnum?

Ekki er unnt að áætla hvað málarekstur getur tekið langan tíma fyrir dómstólnum.

Dómstóllinn reynir að ljúka málum innan þriggja ára eftir að þau berast. Í sumum tilvikum getur athugun máls tekið lengri tíma, en sum mál er hægt að vinna hraðar.

Málsmeðferðartíminn fyrir dómstólnum veltur líka á eðli málsins, hvers konar málsmeðferð það fær, hvernig gengur að afla gagna frá málsaðilum og veita dómstólnum upplýsingar. Einnig veltur það á mörgum öðrum þáttum, t.d. hvort málflytningur muni fara fram eða hvort málinu verði vísað til yfirdeildar.

Sum mál eru flokkuð sem brýn mál og fá því forgang, sérstaklega í þeim tilvikum þegar talið er að lífi og heilsu kæranda sé bráð hætta búin.

## Úrskurður og dómur dómstólsins

### 37 Hver er munurinn á úrskurði og dómi?

Úrskurður er yfirleitt kveðinn upp af einum dómara, nefnd eða deild dómstólsins. Hann varðar aðeins það hvort mál sé tækt til efnismeðferðar en ekki sjálf efnisatriði málsins. Venjulega athugar deildin hvort mál eru tæk og kveður upp dóm sinn um leið.

## 38 *Eru ríki skuldbundin til að hlíta dómum sem beinast gegn þeim?*

Dómar um brot eru bindandi fyrir hlutaðeigandi ríki og þeim ber að fullnusta þá. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur eftirlit með fullnustu dóma, einkum að því er varðar að tryggja greiðslu til kæranda á bótafjárhæð sem dómstóllinn hefur mælt fyrir um vegna þess tjóns sem þeir hafa orðið fyrir.

## 39 *Er hægt að áfrýja dómi?*

Úrskurðir um hvort mál séu tæk eða ekki eru endanlegir, og einnig dómar nefnda og yfirdeildar, og þeim verður ekki áfrýjað. Hins vegar hafa aðilar þriggja mánaða frest til að óska eftir að dómi deildar verði vísað til yfirdeildar. Beiðni um vísun til yfirdeildar er tekin fyrir af nefnd fimm dómara sem ákveður hvort yfirdeildin taki málið fyrir eða ekki.

## 40 *Hvernig er dómum dómstólsins framfylgt?*

Þegar dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að brot hafi átt sér stað sendir hann dóminn til ráðherranefndar Evrópuráðsins sem ber ábyrgð á fullnustu dóma og ákveður ásamt viðkomandi landi og deild sem sér um fullnustu dóma, hvernig dómnum skuli framfylgt. Jafnframt er ákveðið hvernig koma skuli í veg fyrir svipuð brot á sáttmálanum í framtíðinni. Slíkt leiðir fyrst og fremst til almennra ráðstafana, einkum breytinga á löggjöf, og einnig til sérstakra ráðstafana ef þörf krefur.

## 41 *Hvaða afleiðingar hefur það í för með sér þegar dæmt er að um brot hafi verið að ræða?*

Þegar dæmt er að brot hafi verið framið skal viðkomandi ríki tryggja að slíkt brot verði ekki ítrekuð, annars getur dómstóllinn dæmt að nýju gegn þeim. Í sumum tilfellum verður viðkomandi ríki að breyta löggjöf sinni til að samræma hana ákvæðum sáttmálans.

## 42 *Hvað eru sanngjarnar bætur?*

Þegar dómstóllinn dæmir gegn ríki og bendir á að kærandi hafi orðið fyrir tjóni skal ríkið greiða viðkomandi sanngjarnar bætur, þ.e. ríkið skal greiða fjárhæð sem er ætlað að bæta fyrir tjónið. Ráðherranefndin tryggir að dæmdar bætur séu greiddar tjónþola.

## 43 *Hvað er stefnumarkandi mál?*

Á undanförunum árum hefur dómstóllinn þróað nýja málsmeðferð til að bregðast við miklum fjölda af kærum sem varða svipuð vandamál, svokölluð kerfislæg mál, sem stafa af því að ósamræmis gætir milli landsbundinnar löggjafar og sáttmálans.

Dómstóllinn hefur þróað málsmeðferð sem felst í því að skoða eitt eða fleiri mál af þessu tagi og á meðan er afgreiðslu annarra svipaðra mála frestað. Þegar dómur fellur í slíku stefnumarkandi máli krefst dómstóllinn þess að stjórnvöld viðkomandi ríkis breyti landslögum til samræmis við ákvæði sáttmálans og bendir á almennar ráðstafanir sem nauðsynlegar

eru. Í kjölfarið eru önnur áþekkt mál afgreidd með sama hætti.

## 44 *Hvað er sératkvæði?*

Dómarar geta haft sérstakar skoðanir á málum, sem þeir hafa unnið að og skilað sératkvæði sem er þá látið fylgja dómnum. Getu þeir verið hvort heldur sem er sammála eða ósammála niðurstöðu meirihlutans. Yfirleitt er útskýrt í þessum sératkvæðum hvers vegna viðkomandi dómari var á sama máli og meirihluti dómenda eða, þvert á móti, hvers vegna viðkomandi var ekki sammála meirihluta dómara.

## Starfsemi dómstólsins

## 45 *Hvað berast dómstólnum mörg mál?*

Dómstóllinn ræður vart við eigin velgengni: ríflega 50 þúsund ný mál berast honum á hverju ári. Áhrif tiltekinna dóma dómstólsins sem og aukin viðurkenning meðal ríkisborgara aðildarríkjanna á starfi dómstólsins hefur orðið til þess að málum sem dómstólnum berast hefur fjölgað með hverju árinu.

## 46 *Vegna hvaða réttinda sáttmálans er oftast kært?*

Frá stofnun dómstólsins hefur u.þ.b. helmingur allra dóma sem kveða á um brot varðað réttláta málsmeðferð eða málsmeðferðartíma samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Reyndar varða 58%

þeirra brota, sem dómstóllinn fæst við annaðhvort 6. gr. (réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi) eða 1. gr. 1. viðauka (vernd eignaréttar). Þá varða u.þ.b. 11% mála alvarleg brot á 2. og 3. gr. sáttmálans (rétt til lífs og bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð).

## 47 *Eru bráðabirgðaráðstafanir dómstólsins árangursríkar?*

Þótt flest ríki fari nánast alltaf að tilmælum dómstólsins að því er varðar bráðabirgðaráðstafanir er ekki óþekkt að sum ríki skorist undan því að framkvæma þær ráðstafanir sem dómstóllinn leggur til. Líklegt er að dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að þau ríki hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 34. gr. sáttmálans (um kærurétt einstaklinga).

## 48 *Tekst dómurinn á við hvaða samfélagsmál sem er?*

Vitaskuld hefur dómstóllinn þurft að taka á málum sem ekki voru fyrirsjáanleg þegar sáttmálinn var undirritaður árið 1950. Undanfarin 50 ár hefur dómstóllinn dæmt í mörgum slíkum málum, s.s. málum sem varða fóstureyðingar, aðstoð við sjálfsmorð, líkamsleit, þrælkun inni á heimilum, réttinn til að ekki verði komið í veg fyrir að menn leiti uppruna síns, að konur megi bera slæður að múslímskum sið innan menntastofnana, vernd heimildamanna blaðamanna, mismunun gegn Roma-fólki og mál sem tengjast umhverfisvernd.

# Spurningar og svör um

## **Framtíð dómstólsins**

### **49 Hvað er 14. viðauki?**

14. viðauki, sem hefur að markmiði að tryggja skilvirgni dómstólsins til langs tíma með aukinni hagræðingu við móttöku og úrvinnslu kæra, setti á fót nýja deild innan dómstólsins til að afgreiða einföldustu málin og kveður á um nýtt skilyrði fyrir kæru (að atvikið sem kært er hafi haft „umtalsvert óhagræði“ í för með sér). Samkvæmt viðaukanum er skipunartími dómara í embætti nú níu ár án möguleika á endurkjöri. Viðauki þessi öðlaðist gildi 1. júní 2010.

### **50 Hvaða áætlanir eru um umbætur?**

Talið var að frekari umbætur væru nauðsynlegar til viðbótar við 14. viðauka og hópur framúrskarandi lögfræðinga skilaði skýrslu til ráðherranefndarinnar í nóvember 2006. Hópurinn mælti m.a. með því að komið yrði á fót nýrri deild innan dómstólsins til að flokka kærumál og að lög yrðu sett varðandi tiltekin atriði í skipulagi dómstólsins. Þannig mætti breyta starfsreglum dómstólsins á auðveldari hátt en ef nauðsynlegt væri að breyta sáttmálanum sjálfum. Stjórhópur Evrópuráðsins um mannréttindi er að skoða tillögurnar.



Júlí 2012

Mannréttindadómstóll Evrópu  
Almannatengsl  
Council of Europe  
67075 Strasbourg cedex  
France

[www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int)



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS  
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

[www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int)